# FRÉTTABLAÐIÐ

101. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 3. MAÍ 2019




Prúðbúnir nemendur Verzlunarskóla Íslands létu úrhellisrigningu ekki á sig fá og dönsuðu um Ingólfstorg á árlegum Peysufatadegi. Mikill fjöldi nemenda og áhorfenda var saman kominn í miðborg Reykjavíkur um hádegisbilið til að berja sýninguna og hin glæsilegu ungmenni augum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Peysufatadeginum má sjá á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Lögmenn hafna fullyrðingum Jóhanns um stuld á Söknuði

**Lögmenn fyrirtækja sem stefnt er í máli Jóhanns Helgasonar vegna meints stuldar á laginu Söknuði með útgáfu á laginu You Raise Me Up segja bæði lögin byggð á írsku þjóðlagi.**

**DÓMSMÁL** „Greining tónlistarsérfræðings staðfestir, í ljósi þess hversu aðgengileg eldri lög eru, að stefnandi [Jóhann] getur ekki komist nálægt því að sýna fram á markverð líkindi,“ segja lögmenn bandarískra fyrirtækja í lagastuldarmáli Jóhanns Helgasonar vegna laganna Söknuðar og You Raise Me Up.

Þetta kemur fram í skjali sem lagt var fyrir alríkisdómstól í Los Angeles fyrir viku. Eins og fram hefur komið hefur Jóhann Helgason stefnt lagahöfundinum Rolf Løvland og stórfyrirtækjum á borð við Warner og Universal vegna meints stuldar á laginu Söknuði frá árinu 1977. Það hafi verið gert með laginu You Raise Me Up sem varð heimsfrægt í flutningi Josh Groban.

Lögmenn sem fara með málið fyrir hönd Universal, Warner Bros, UMG Recordings og Peermusic, Ltd., segja að þau smávægilegu tónlistarlegu líkindi sem séu með lögunum tveimur megi einnig finna í vinsælum eldri lögum, sérstaklega í írska þjóðlaginu Danny Boy.

**Ekki hefur tekist að birta Rolf Løvland stefnu. Lögmaður Jóhanns segir Løvland tvisvar hafa endursent stefnuna óundirritaða.**

„Jafnvel þótt stefnandi gæti sýnt fram á að Løvland hafi einhvern tíma heyrt Söknuð þá væri það ekki nóg til að setja fram kröfu um lagastuld þegar markverð líkindi eru ekki fyrir hendi,“ segja lögmennirnir og boða kröfu um frávísun.

Þá setja lögmenn fyrirtækjanna fram efasemdir um lagið Söknuð. Segja þeir Jóhann „halda því fram“ að hann hafi samið Söknuð sem „hafi að sögn“ komið út á Íslandi árið 1977.

Fram kemur í skjalinu að ekki hafi tekist að birta Rolf Løvland sjálfum stefnuna. Lögmaður Jóhanns segir Løvland í tvígang hafa endursent stefnuna óundirritaða.

Lögmaður Jóhanns óskar eftir að kviðdómur verði skipaður í málinu. Búist er við að réttarhöld verði eftir um eitt ár. **– gar / sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um lygalaupa. 11

**SPORT** Sunna Davíðsdóttir snýr aftur inn í búrið í kvöld eftir langa fjarveru. 18

**TÍMAMÓT** Er að verða hundgamall segir Gunnar Guðmundsson sem verður sjötugur í dag. 16

**MENNING** Bæng! er þriggja stjörnu leikrit. 20

**LÍFIÐ** Glæsileg tískusýning útskriftarnema. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



Vægt næturfrost norðan og austan til. Snýst í suðlæga eða breytilega átt 3-8 í dag með lítils háttar skúrum á Suður- og Vesturlandi, en rofar smám saman til fyrir norðan og austan. Hiti víða 3 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 18



**LSH auglýsir fyrir 400 þúsund á mánuði á samfélagsmiðlum.**

# Spara tíu milljónir

**FJÖLMIÐLAR** Landspítali varði um 4,6 milljónum króna í auglýsingar á samfélagsmiðlum í fyrra. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar á þingi.

Deildarstjóri samskiptadeildar spítalans segir að með því að færa auglýsingar á samfélagsmiðla sparist um tíu milljónir króna árlega.

Til samanburðar var samanlagður kostnaður Landlæknisembættis, Sjúkratrygginga Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lyfjastofnunar og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands einungis rúm ein milljón króna.

„Útgjöld Landspítala til auglýsinga í samfélagsmiðlum eru ekki nema um 20 prósent af því sem útgjöldin voru áður til prentmiðla. Auglýsingar í rafrænum miðlum eru árangursríkari og skilvirkari. Þessi þróun snýst alfarið um faglegri vinnubrögð og sparnað,“ segir Stefán Hrafn Hagalín, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítala.

Björn Leví spurði ráðherra hvort kaup á auglýsingum á erlendum samfélagsmiðlum samræmdust stefnu stjórnvalda um að efla íslenska fjölmiðla. Heilbrigðisráðherra svaraði því til að kaup á auglýsingum væru ekki leið til að efla íslenska fjölmiðla. „Til þess þurfi að fara aðrar leiðir sem hafi það tiltekna markmið, byggist á skýrri stefnu og feli í sér sanngirni og jafnræði.“ **– sa**

## Barist í byrjun móts



Pepsi Max-deild kvenna í knattspyrnu hófst í gær með fjórum leikjum. Í Árbænum mættu Keflvíkingar í heimsókn. Fylkiskonur komust yfir á annarri mínútu en gestirnir jöfnuðu mínútu síðar. Hart var barist en Fylkir uppskar sigurmark í byrjun síðari hálfleiks FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Karl leiðir unga Miðflokksmenn

**STJÓRNMÁL** Ungliðahreyfing Miðflokksins var formlega stofnuð um liðna helgi. Karl Liljendal Hólmgeirsson, varaþingmaður flokksins, var kjörinn formaður. Karl settist á þing fyrir flokkinn síðasta sumar og varð þá yngsti þingmaður frá upphafi, 20 ára og 355 daga gamall.

Nokkur aðdragandi var að stofnun ungliðahreyfingarinnar, fyrst var auglýstur stofnfundur í október í fyrra og síðan aftur í mars. Karl segir núverandi stjórn vera til bráðabirgða fram að næsta landsþingi Miðflokksins sem fer fram á næsta ári.

Fram undan bíður stórt verkefni. „Það þarf að koma félaginu af stað, fá fleiri til liðs við okkur og gera það sýnilegt. Ég ætla að byggja félagið upp til að það geti lifað til lengri tíma,“ segir Karl. „Við erum í góðu sambandi við stjórn flokksins. Nú eru erfiðir tímar og við þurfum að sækja fram af dugnaði.“ **– ab**






# Enginn vafi að Secret Solstice fer fram í júní

**Framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice segir að gengið verði frá samningum við Reykjavíkurborg á næsta fundi borgarráðs. Ráðgjafi hjá Foreldrahúsi segir foreldra barna í vímuefnaneyslu kvíða tónlistarhátíðinni.**

**BORGARMÁL** „Það hefur aldrei leikið neinn vafi á því að Secret Solstice mun fara fram í Laugardalnum í lok júní,“ segir Víkingur Heiðar Arnórsson, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice.

Nokkur óvissa hefur verið um afdrif hátíðarinnar vegna kröfu borgarinnar um að nýir eigendur greiði skuld fyrri eigenda upp á 10 milljónir, sagði Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, að ef skuldin verði ekki greidd muni hátíðin ekki fara fram.

„Samtalið hófst við Reykjavíkurborg síðasta haust, við fengum þau skilaboð frá borgaryfirvöldum í september að við mættum fara af stað með miðasölu ásamt skilyrðum borgarinnar. Í nóvember var fyrsta útgáfa af samningnum tilbúin. Nú er verið að klára nokkur formsatriði og verður gengið frá samningum á næsta fundi hjá borgarráði,“ segir Víkingur. „Þetta tekur allt sinn tíma. Við værum ekki að auglýsa hátíðina nema við vissum að hún færi fram.“

Þórdís Lóa vildi lítið tjá sig um málið. Málefni tónlistarhátíðarinnar voru ekki rædd á fundi borgarráðs í gær. „Við erum búin að vera í viðræðum og þær hafa bara gengið vel. Þegar þeim viðræðum lýkur þá munum við leggja málið fyrir í borgarráði.“

Guðrún B. Ágústsdóttir, fjölskylduráðgjafi hjá Foreldrahúsi, segir foreldra barna í vímuefnaneyslu hafa miklar áhyggjur af hátíðinni. „Þessir foreldrar eiga allir eitt kvíðaefni sameiginlegt, það er Secret Solstice. “

Hún segist ekki geta sagt nákvæmlega hvers vegna Secret Solstice sker sig úr. „Einhverra hluta



Fjöldi mætti á Secret Solstice í fyrra. Framkvæmdastjóri hátíðarinnar segir gæsluna í ár verða betri en í Leifsstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN SIGURÐSSON

> **Við erum búin að vera í viðræðum og þær hafa bara gengið vel. Þegar þeim viðræðum lýkur þá munum við leggja málið fyrir í borgarráði.**
>
> Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs



vegna virðist vera meira um vímuefnanotkun unglinga þarna. Það er auðveldara fyrir þau að komast inn á svæðið. Það er stutt fyrir þau að fara, þetta er inni í Reykjavík,“ segir Guðrún. „Og einhverra hluta vegna tekst þeim ekki að halda nógu vel utan um eftirlitið. Börnum hefur verið hleypt þarna inn og þau getað keypt vímuefni.“

Víkingur segir allt gert til þess að stuðla að forvörnum og að lögum og reglum sé fylgt. „Gæslan okkar er betri en í Leifsstöð. Einnig verður forvarnarstarfið í ár unnið náið með Reykjavíkurborg. Aðeins 11% af íbúum við Laugardalinn hafa eitthvað við hljómstyrk tónlistarinnar að athuga. Mikill áhugi hefur verið frá íbúum Laugardals fyrir sérstökum „nágrannamiðum“ sem segir okkur að flestir eru ánægðir.“

Hlustað sé á allar athugasemdir og búið sé að koma til móts við allar sem hægt er og núna í ár verði gengið enn harðar til verks. „Við verðum með sérstök áfengisarmbönd, þau eiga að tryggja að enginn undir 20 ára geti verslað á barnum. Svo verða mismunandi armbönd fyrir hvern dag til að gera fólki erfiðara fyrir að fá armband frá þriðja aðila.“

**arib@frettabladid.is**










SUMARBLÓMIN
BYRJUÐ AÐ
STREYMA INN

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Þurfa ekki að afhenda vélina

**VIÐSKIPTI** Isavia þarf ekki að afhenda bandaríska flugvélaleigusalanum ALC farþegaþotu sem WOW air notaði sem tryggingu. Þetta kom fram í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem féll í gær. WOW air notaði vélina sem tryggingu fyrir tveggja milljarða króna skuld flugfélagsins við Isavia.

Oddur Ástráðsson og Eva B. Helgadóttir, lögmenn ALC, sögðu málatilbúnað Isavia valdníðslu þar sem ekki sé lagaheimild fyrir því að kyrrsetja eign þriðja aðila. Það hafi verið einbeittur ásetningur að leyfa WOW air að safna skuldum þrátt fyrir að það brjóti í bága við eigin reglur Isavia. Lagaákvæði loftferðalaga næði ekki yfir vélina þar sem ALC hefði umráðin yfir henni.

Hlynur Halldórsson, lögmaður Isavia, sagði á móti að vélin hefði verið skráð í umráði WOW air þegar hún var kyrrsett 28. mars síðastliðinn af Samgöngustofu. Skúli Mogensen, þáverandi forstjóri WOW air, hafi staðfest móttöku á kröfunni. Stjórn Isavia heimilaði skuldsetningu WOW air í þeirri vissu að hún gæti kyrrsett vél.

Í úrskurðinum segir að Isavia sé heimilt að kyrrsetja vélina þangað til búið sé að greiða öll gjöld sem snúa að vélinni sjálfri, en ekki öðrum skuldum WOW air við Isavia. Umrædd gjöld nema 87 milljónum króna, en WOW air skuldaði greiðslur vegna fjölmargra annarra flugvéla. Þarf Isavia að sækja afgang skuldanna í þrotabú WOW air. Lögmenn ALC hafa tvær vikur til að kæra úrskurðinn. – **ab**



**Vél ALC var kyrrsett vegna skulda WOW air við Isavia.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tíndu tíu tonn

**UMHVERFISMÁL** Mörg hundruð sjálfboðaliðar sem tóku þátt í Stóra plokkdeginum síðastliðinn sunnudag söfnuðu rusli í nærri 1.500 poka.

Skipuleggjendur segja það samsvara sem nemur tíu tonnum af rusli sem annars hefði legið óhreyft í íslenskri náttúru.

Samkvæmt talningu vefsíðunnar Plokkari.is hreinsuðu þátttakendur svæði sem nemur um 17,32 ferkílómetrum.

Er bent á í þessu samhengi að flatarmál Vestmannaeyja er um 17 ferkílómetrar. – **smj**

## Ráðin til Sýnar

**FJÖLMIÐLAR** Þórhallur Gunnarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Miðla hjá Sýn. Undir Miðla heyra meðal annars Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjan, FM957, Xið977 og Vísir.

Þórhallur hefur undanfarin sex ár verið framkvæmdastjóri hjá Sagafilm. Áður var hann meðal annars dagskrárstjóri RÚV og ritstjóri Kastljóss.

Signý Magnúsdóttir hefur verið ráðin fjármálastjóri Sýnar. Hún hefur starfað hjá Deloitte frá 2006 og varð meðeigandi á endurskoðunarsviði félagsins 2013.

Miklar breytingar hafa orðið á stjórnendahópi Sýnar að undanförnu en í síðustu viku var Heiðar Guðjónsson ráðinn forstjóri. – **sar**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Skrifuðu ekki undir bókun um þjónustu við flóttafólk

**Borgarráð hefur staðfest samning borgarinnar við Útlendingastofnun um þjónustu við skjólstæðinga stofnunarinnar. Marta Guðjónsdóttir og Vigdís Hauksdóttur sátu einar hjá við afgreiðslu bókunar.**

**REYKJAVÍK** Borgarráð staðfesti í gær nýjan samning borgarinnar við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í hinum nýja samningi er kveðið á um þjónustu við 220 einstaklinga í senn sem er fjölgun um tuttugu frá síðasta samningi en fjöldi einstaklinga sem samið er um við Reykjavíkurborg hefur verið árviss frá árinu 2015 þegar samið var um aðstoð við 70 manns í senn.

Allir fulltrúar í borgarráði studdu bókun um málið að undanskildum þeim Mörtu Guðjónsdóttur í Sjálfstæðisflokknum og Vigdísi Hauksdóttur í Miðflokknum.

„Málið var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og var bókunin sett fram af borgarráði í heild, þvert á alla flokka enda einföld staðfesting á afgreiðslu málsins. Tveir fulltrúar kusu að styðja ekki bókunina," segir Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Hún segir þjónustuna að mestu veitta fjölskyldum og borgin hafi ekki borið kostnað af henni. „Það hefur verið eindregin skoðun mín að borginni beri að taka fagnandi mót fólki sem leitar hingað eftir betra lífi og tækifæri til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins," segir Hildur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Marta Guðjónsdóttir, sem einnig er fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarráði, hafi ekki viljað styðja málið en sjálf segir hún einhug hafa verið um það.

„Ég studdi málið en bókunin hefur ekkert með afstöðu í málinu að gera. Á undirbúningsfundi okkar í Sjálfstæðisflokknum fyrir borgarráðsfundinn samþykktum við einróma að styðja málið en bóka ekki um það og að sjálfsögðu ekki að taka undir bókun meirihlutans," segir Marta.

Útlendingastofnun greiðir Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum sem gera samning við stofnunina fast daggjald fyrir tiltekinn fjölda óháð því hvort þjónustan er nýtt eða ekki. Þá er greitt sérstaklega fyrir hvern og einn einstakling umfram þann fjölda. Borgin ber því ekki kostnað af þjónustu við móttöku fólksins.

Borgin sér fólkinu fyrir húsnæði og fæðisfé, skólavist fyrir börn, aðgangi að almenningssamgöngum, túlkaþjónustu og tómstundum, auk margvíslegrar félagslegrar ráðgjafar. **adalheidur@frettabladid.is**



**Marta Guðjónsdóttir og Vigdís Hauksdóttir tóku ekki undir bókun borgarráðs.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Bókun borgarráðs um samninginn

Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár gert samning við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem er mikilvægur þáttur í hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Reykjavík gerir nú samning um þjónustu við 220 einstaklinga í senn sem er fjölgun frá síðasta ári, hefur fjölgun verið árleg frá árinu 2015 þegar samningurinn gerði ráð fyrir 70 einstaklingum. Opið er á enn frekari fjölgun og er það í skoðun.




# Áhersla á öruggt umhverfi iðkenda

**ÍÞRÓTTIR** Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti í gær nýja íþróttastefnu fyrir tímabilið 2019-2030. Meðal þess sem áhersla er lögð á er aukið öryggi innan íþróttahreyfingarinnar, aðgengi iðkenda og fagmennska.

„Við höfum séð það að börn með annað móðurmál en íslensku eru síður líkleg til að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi og eitt af nýmælum stefnunnar er að hvetja til þátttöku þeirra á landsvísu," segir Lilja.

Allar rannsóknir sýni að börnum, sem taka þátt í íþróttum, vegni betur í skóla og líf þeirra verði uppbyggilegra fyrir vikið. „Svo leggjum við sérstaka áherslu á að auka enn frekar menntun þjálfara því Ísland hefur náð miklum árangri hvað það varðar."

Í stefnunni er lagt til að tillögur starfshóps um aðgerðir til að koma í veg fyrir kynferðislega og kynbundna áreitni í tengslum við #metoo verði samþykktar og þeim framfylgt. Einnig er lögð til breyting á íþróttalögum varðandi ráðningar og upplýsingar úr sakaskrá.

Lilja bendir á að stjórnvöld hafi aukið framlög til íþróttamála en þau hafi þrefaldast á síðustu níu árum. Á yfirstandandi ári nemi framlögin 967 milljónum til samninga og styrkja vegna íþróttamála.

„Við höfum meðal annars verið að auka framlögin í Afreksssjóð og Ferðasjóð íþróttafélaganna. Þetta sýnir skýran vilja stjórnvalda í þessum efnum og hvað við teljum íþróttirnar mikilvægar."

Þá er í stefnunni sett fram markmið um að fjölga tímum sem tengjast íþróttum og heilsueflingu í grunn- og framhaldsskólum. – **sar**




**Lilja á kynningarfundinum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ILVA

# GO CRAZY

## FÖSTUDAG TIL MÁNUDAGS

# 25%

# AF ÖLLUM VÖRUM

Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði
Tilboðin gilda 03.05.19 – 06.05.19

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga – sunnudaga 12–18, mánudaga – föstudaga 11–18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

## Ársfundur 2019

**Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar** verður haldinn þriðjudaginn 14. maí kl. 17.30 í húsakynnum Brúar lífeyrissjóðs að Sigtúni 42 í Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2018
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum samþykkta sjóðsins
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

*Reykjavík, 12. apríl 2019*
*Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar*

### Yfirlit yfir afkomu ársins 2018

| Breyting á hreinni eign í m.kr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.780 | 2.566 |
| Lífeyrir | -4.988 | -4.446 |
| Hreinar fjárfestingatekjur | 4.561 | 4.671 |
| Rekstrarkostnaður | -200 | -190 |
| Breyting á hreinni eign | 2.153 | 2.601 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 76.662 | 74.061 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 78.815 | 76.662 |

| Efnahagsreikningur í m.kr. | | |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 8.723 | 8.902 |
| Skuldabréf | 69.815 | 67.492 |
| Bundnar bankainnstæður | 0 | 60 |
| Kröfur | 182 | 217 |
| Handbært fé | 437 | 533 |
| Ýmsar skuldir | -342 | -542 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 78.815 | 76.662 |

| Kennitölur | | |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 5,8% | 6,1% |
| Raunávöxtun | 2,4% | 4,3% |
| Raunávöxtun 5 ára meðaltal | 3,7% | 4,0% |
| Raunávöxtun 10 ára meðaltal | 3,5% | 3,5% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 19,8% | 20,7% |
| Virkir sjóðfélagar | 343 | 392 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 3.254 | 3.151 |
| Sjóðfélagar í árslok | 16.397 | 16.577 |

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Á árinu 2018 greiddu að meðaltali 343 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 2.780 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 3.254 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum og nam hann 4.988 m.kr. Rekstrarkostnaður ársins var um 200 m.kr. Hreinar fjárfestingatekjur ársins voru 4.561 m.kr. Nafnávöxtun sjóðsins var 5,8% en raunávöxtun 2,4%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 2.152 m.kr. á árinu og nam 78.815 m.kr. í árslok. Tryggingafræðileg athugun sjóðsins sýnir að heildareignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar eru um 21.143 m.kr. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, en Brú lífeyrissjóður hefur annast rekstur sjóðsins frá 1998.

**Í stjórn sjóðsins sitja:**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar,
Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson,
Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson

**Framkvæmdastjóri:**
Gerður Guðjónsdóttir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar




# Dregið í efa að Jóhann hafi samið Söknuð

**Lögmenn fyrirtækja sem Jóhann Helgason stefnir í Bandaríkjunum vegna meints stuldar á laginu Söknuði með útgáfu á laginu You Raise Me Up segja bæði lögin byggð á írska þjóðlaginu Danny Boy og boða kröfu um frávísun.**

**DÓMSMÁL** Búast má við að réttarhöldum í lagastuldarmáli vegna laganna Söknuðar og You Raise Me Up verði ekki lokið fyrr en eftir um eitt ár. Lögmenn fyrirtækja sem Jóhann Helgason hefur stefnt segja bæði lögin byggja á sömu gömlu tónsmíðunum, sérstaklega írska þjóðlaginu Danny Boy.

Þetta segir í skjali sem lagt var fyrir alríkisdómstól í Los Angeles fyrir viku. Um er að ræða sameiginlegt skjal þar sem lögmaður Jóhanns Helgasonar annars vegar og lögmenn ýmissa stórfyrirtækja sem Jóhann hefur stefnt hins vegar fara yfir meginsjónarmið sín í málinu.

Eins og fram hefur komið hefur Jóhann Helgason stefnt norska lagahöfundinum Rolf Løvland og stórfyrirtækjum á borð við Warner, Universal, Apple og Spotify vegna meints stuldar á laginu Söknuði frá árinu 1977. Það hafi verið gert með laginu You Raise Me Up sem fyrst kom út 2001.

Vegna fyrningarreglna kemur fram að Jóhann fer ekki fram á hlutdeild í tekjum sem sköpuðust vegna You Raise Me Up nema þrjú ár aftur í tímann frá því stefna var lögð fram 29. nóvember síðastliðinn. Ofan á þetta gerir Jóhann hins vegar kröfu um bætur. Lögmenn fyrirtækjanna segjast munu skila inn yfirliti yfir tekjur sem You Raise Me Up skilað frá og með 29. nóvember 2015.

Þau Ava Badiee, Barry I. Slotnick og Tal E. Dickstein, lögmenn sem fara með málið fyrir hönd Universal, Warner Bros, UMG Recordings og Peermusic, Ltd., segja það ekki koma sér á óvart að Jóhann hafi ekki sett fram stefnu í málinu öll þau ár sem liðin séu frá því You Raise Me Up náði heimsfrægð í flutningi Josh Groban árið 2003. Þau litlu tónlistarlegu líkindi sem séu með lögunum tveimur megi einnig finna í vinsælum lögum sem séu eldri en bæði umrædd lög, sérstaklega í írska þjóðlaginu Danny Boy.

„Greining tónlistarsérfræðings staðfestir, í ljósi þess hversu aðgengileg eldri lög eru, að stefnandi [Jóhann] getur ekki komist nálægt því að sýna fram á markverð líkindi,“ segja lögmennirnir. „Jafnvel þótt stefnandi gæti sýnt fram á að Løvland hafi einhvern tíma heyrt Söknuð þá væri það ekki nóg til að setja fram kröfu um lagastuld þegar markverð líkindi eru ekki fyrir hendi.“



Alríkisdómstóllinn í miðbæ Los Angeles í Kaliforníu. MYND/GOOGLE STREETVIEW



Fionnuala Sherry, samstarfsmaður Rolfs Løvland, er á vitnalistanum. MYND/WIKIPEDIA

Í þessu ljósi boða Badiee, Slotnick og Dickstein kröfu um frávísun en lögmenn beggja aðila eiga að mæta fyrir dómara í Los Angeles eftir viku eða í framhaldi af því. Þau segja að kostnaðarsamt og tímafrekt yrði að að komast að því hvort Løvland hafi haft aðgang að Söknuði og hvort um sjálfstæð sköpunarverk væri að ræða og fullyrða að hvorugt þessara atriða ætti að hafa áhrif á ákvörðun um að vísa málinu frá.

Þá setja lögmenn fyrirtækjanna fram efasemdir um lagið Söknuð. Segja þeir Jóhann „halda því fram“ að hann hafi samið Söknuð sem „hafi að sögn“ komið út á Íslandi árið 1977.

Fram kemur í skjalinu að ekki hafi tekist að birta Rolf Løvland sjálfum stefnuna. Lögmaður Jóhanns segir Løvland í tvígang hafa endursent stefnuna óundirritaða. Unnið sé að því að stefna Norðmanninum samkvæmt alþjóðlegum samningum. Því eigi að vera lokið í síðasta lagi 26. júní næstkomandi.

Samkvæmt skjalinu hafa lögmennirnir rætt möguleikann á sátt í málinu. „Aðilarnir hafa átt forviðræður um sátt sem ekki báru ávöxt,“ segir um þetta atriði. Verði af frekari sáttaviðræðum kjósi þeir að ráða einkamálamiðlara til að taka þátt í þeim.

Þann tíunda maí eiga fulltrúar málsaðilanna að mæta fyrir Andre Birotte Jr. dómara til að ákveða dagskrá málsins í framhaldinu. Lögmaður Jóhanns gerir fyrir sitt leyti kröfu um að málið verði rekið frammi fyrir kviðdómi. Miðað við tímaáætlun í margnefndu skjali verður málið ekki til lykta leitt fyrr en eftir eitt ár með réttarhöldum sem gætu tekið fimm til sjö daga.

Verði af réttarhöldunum boða báðir aðilar að þeir muni kalla til að minnsta kosti sjö vitni. Lögmaður Jóhanns tilgreinir íslenska tónlistarmenn og útvarpsfólk sem hefur haft kynni af Rolf Løvland eða talið er geta varpað ljósi á það hvernig Løvland gæti hafa komist í snertingu við lagið Söknuð á sínum tíma, meðal annars í heimsóknum og vinnuferðum á Íslandi.

Meðal þeirra sem eru sérstaklega nefndir á vitnalistanum af hálfu lögmanns Jóhanns er írska söngkonan og fiðuleikarinn Fionnuala Sherry, meðlimur Secret Garden, hljómsveitar Løvlands.

gar@frettabladid.is

# Lögreglan í Noregi yfirheyrt Gunnar Jóhann og fjörutíu aðra í Mehamn

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að yfirheyra Gunnar Jóhann Gunnarsson sem grunaður er um að hafa myrt hálfbróður sinn, Gísla Þór Þórarinsson, á laugardagsmorgun í bænum Mehamn í Noregi. Í tilkynningu frá lögreglunni í Finnmörk í Noregi í gær segir að hann neiti sök í morði hálfbróður síns, en játi aðild að málinu.

Þar kemur enn fremur fram að hinn Íslendingurinn sem sakaður er um aðild að morðinu hafi einnig verið yfirheyrður í gær og hann neiti allri sök í málinu, líkt og hann hefur gert frá upphafi.

„Við erum búin að fá mynd af því sem gerðist á þeim tíma áður en morðið var framið. Við höfum yfirheyrt vitni sem þekktu hinn látna og þann grunaða, eða sem voru með hinum grunuðu tímana áður. Við höfum einnig rætt við vitni sem geta lýst tengslum hins látna og þeirra grunuðu og hvernig þau voru aftur í tímann,“ segir Torstein Pettersen hjá lögreglunni í Finnmörku.

**» Gunnar Jóhann neitar að hafa myrt hálfbróður sinn en játar aðild að dauða hans.**

Búið er að yfirheyra um 40 manns í tengslum við morðið. Rannsókn er enn í fullum gangi og vinnur lögregla að því að kortleggja ferðir hinna grunuðu fyrir og eftir glæpinn og safnar frekari vitnisburðum.

Í yfirlýsingu lögreglu segir að komin sé mynd af atburðarásinni sem átti sér stað áður en morðið var framið. Þar kemur einnig fram að rannsókn á vettvangi sé lokið og að öll sýni hafi verið send til greiningar. Lögreglan hefur lagt hald á eitt skotvopn og bíður niðurstöðu rannsóknar sem mun sýna fram á hvort um morðvopnið sé að ræða.

Þannig er fyrsta hluta rannsóknar lögreglu að ljúka og mun hún í framhaldinu einbeita sér að því að fá skýrari mynd af atburðarásinni. Í yfirlýsingunni segir einnig að í framhaldi af því að fyrsta hluta sé lokið þurfi að takmarka upplýsingagjöf til almennings. – la


OCTAVIA ER
60 ÁRA OG
ÞÚ FÆRÐ PAKKA
ŠKODA
ŠKODA OCTAVIA – SEXTUG OG SJALDAN SPRÆKARI.
Það er ekki að ástæðulausu að Škoda Octavia hefur verið einn sá alvinsælasti hjá íslensku þjóðinni í áratugi. Aksturseiginleikarnir, þægindin, rýmið og sparneytnin hafa einkennt Octaviuna allar götur frá því hún kom fyrst á markað. Nú bjóðum við þennan einstaka bíl með afmælispakka; aukabúnaði sem gerir aksturinn enn skemmtilegri. Komdu og prófaðu, við hlökkum til að sjá þig!
Octavia G-Tec
Combi / Sjálfskiptur
Verð frá 3.990.000 kr.
Octavia
Limo / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Verð frá 4.090.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Afmælispakki fylgir!*
· Climatronic miðstöð
· Hiti í stýri
· Hiti í framrúðu
· Fjarlægðart. hraðastillir
· Krómpakki
Að verðmæti
320.000 kr.
60
ŠKODA
OCTAVIA
60 ÁRA 1959-2019
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is
*Gildir aðeins í takmarkaðan tíma út apríl 2019. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Maduro sýnir styrk sinn með herinn sér við hlið

**VENESÚELA** Nicolás Maduro, forseti Venesúela, birtist í gær í venesúelsku sjónvarpi með valdamestu mönnum hersins og reyndi þannig að hrekja fullyrðingar Bandaríkjamanna um að það styttist í að herstjórar myndu snúast gegn honum.

Tímasetningin er væntanlega engin tilviljun. Fyrr í vikunni birti Juan Guaidó, forseti þingsins og samkvæmt þinginu starfandi forseti, myndband með herforingjum þar sem hann sást með einkennisklæddum hermönnum fyrir utan La Carlota-herstöðina í höfuðborginni Karakas.

Guaidó sagði að hermenn hefðu svarað kalli stjórnarandstöðunnar og sagði að gærdagurinn markaði „endalok valdaráns“ Maduro en þingið telur hann hafa svindlað í forsetakosningum síðasta árs og því ekki réttkjörinn. Maduro hafnar þessu og álítur þingið valdalaust eftir stofnun stjórnlagaráðs sem er einvörðungu skipað samflokksmönnum Maduro.

Maduro birti sömuleiðis ávarp á samfélagsmiðlum í gær. Þar sagði hann að herinn stæði saman, þétt við bakið á forsetanum.

Þetta stangast á við greiningu Elliotts Abrams, erindreka Bandaríkjanna í Venesúela. Bandaríkjamenn álíta Guaidó réttmætan, starfandi forseta en Abrams telur að Maduro geti ekki treyst herstjórum. „Jafnvel ef þeir segjast ætla að halda tryggð við forsetann getur hann ekki treyst þeim,“ sagði erindrekinn en aðrir bandarískir embættismenn hafa fullyrt að æðsta yfirstjórn hersins hafi átt í viðræðum við bæði hæstarétt og fulltrúa Guaidó að undanförnu um afsögn Maduro. **– þea**



**Maduro í útsendingunni sem sýnd var í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

## Demókratar í hart gegn Barr

**BANDARÍKIN** Demókratar í fulltrúadeild bandaríska þingsins, sem eru í meirihluta, kölluðu í gær eftir því að þingið lýsti því yfir að William P. Barr dómsmálaráðherra hefði sýnt þinginu lítilsvirðingu með því að mæta hvorki fyrir dómsmálanefnd fulltrúadeildarinnar til að svara spurningum né afhenda óritskoðaða skýrslu um rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á Rússamálinu fyrir tilskilinn skilafrest.



**William P. Barr dómsmálaráðherra**

Samkvæmt The New York Times vakti bréf Muellers til dómsmálaráðherrans, þar sem hann sagði að Barr hafi ekki sagt rétt frá niðurstöðum rannsóknarinnar um hvort Donald Trump forseti hafi hindrað framgang réttvísinnar, reiði Demókrata. Barr sagði í tvígang við þingnefndir að hann vissi ekki af neinni óánægju Muellers með minnisblaðið.

„Það alvarlega í þessu máli er að dómsmálaráðherra Bandaríkjanna sagði fulltrúadeild bandaríska þingsins ósatt,“ sagði Nancy Pelosi, demókrati og forseti fulltrúadeildarinnar, við blaðamenn í gær og bætti því við að slíkt væri ólöglegt.

Kerri Kupec, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, var ósammála túlkun Pelosi. „Tilhæfulausar ásakanir Pelosi forseta á hendur dómsmálaráðherranum eru alvarlegar, óábyrgar og rangar.“ **– þea**



**Fórnarlömbin.** NORDICPHOTOS/AFP

## Réttarhöldin hafin í Marokkó

**MAROKKÓ** Réttarhöld hófust í gær yfir 24 einstaklingum í Marokkó sem sakaðir eru um að stofna hryðjuverkasellu og að leggja á ráðin um að myrða þær Louisu Vesterager Jespersen, 24 ára Dana, og Maren Ueland, 28 ára Norðmann, í Atlasfjöllum í desember síðastliðnum.

Þrír sakborningar eru sérstaklega sakaðir um að hafa svarið hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við Íslamskt ríki hollustueið og að hafa framið morðin. Þeir eiga yfir höfði sér dauðarefsingu.

Samkvæmt breska ríkisútvarpinu samþykktu Marokkómenn tímabundið að hætta aftökum árið 1993 og er sú samþykkt enn í gildi þótt af og til falli dauðadómar. Hins vegar hefur nokkur fjöldi undirskriftasafnana farið af stað að undanförnu þar sem þess er krafist að sakborningarnir þrír verði teknir af lífi verði þeir sakfelldir. **– þea**

# Assange sagðist hafa verndað marga er hann kom fyrir dóm

**Stofnandi WikiLeaks leggst alfarið gegn framsali til Bandaríkjanna. Lögmaður bandaríska ríkisins segir málið snúast um einn stærsta þjófnað leyniskjala í bandarískri sögu. Lögmaður Assange segir málið hins vegar snúast um verndaða starfshætti blaðamanna. Assange gæti verið ákærður fyrir fleiri meinta glæpi.**



**Þetta er ekki Assange sjálfur heldur kínverski listamaðurinn Ai Weiwei sem styður Ástralann.** NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, mætti fyrir dóm í gær þar sem beiðni Bandaríkjastjórnar um framsal hans frá Bretlandi var til umræðu. Assange sagðist ekki vilja vera framseldur. „Ég er blaðamaður sem hefur unnið til fjölmargra verðlauna og verndað fjölmarga,“ sagði hann.

Saksóknarar í Bandaríkjunum hafa ákært Assange fyrir samsæri um að fremja stafrænan glæp og á hann yfir höfði sér fimm ára fangelsisdóm verði hann sakfelldur, að sögn bandaríska dómsmálaráðuneytisins.

„Þessi ákæra snýst um einn stærsta þjófnað leyniskjala í sögu Bandaríkjanna,“ hafði Reuters eftir Ben Brandon, lögmanni bandaríska ríkisins. Hann sagði málið snúast um meint samráð Assange við Chelsea Manning.

Árið 2010 starfaði Manning við greiningu upplýsinga fyrir bandaríska herinn og tók ólögleg afrit af 90.000 skjölum sem tengdust stríðinu í Afganistan, 400.000 sem tengdust Íraksstríðinu, 800 um fanga í Guantanamo og 250.000 skjölum bandarískra erindreka. Stærstur hluti þessara skjala var síðar birtur á WikiLeaks.

Að sögn Brandons áttu Manning og Assange í stafrænum samskiptum um að brjóta upp læstan gagnagrunn og þannig komast yfir leyniskjöl. Það er hinn meinti glæpur Assange.

Jennifer Robinson, lögmaður Assange, sagði að málið snerist ekki um tölvuhökkun. „Þetta mál snýst um blaðamann og útgefanda sem átti í samræðum við heimildarmann um aðgengi að upplýsingum. Blaðamann sem hvatti heimildarmann sinn til þess að verða sér úti um efni og um það hvernig hægt væri að tryggja nafnleynd heimildarmannsins. Þetta er verndað athæfi sem blaðamenn stunda daglega.“

Manning var sjálf í varðhaldi frá 2010 en dæmd í 35 ára fangelsi fyrir njósnir árið 2013. Hún sat inni í tæp sjö ár áður en Barack Obama forseti fyrirskipaði að leysa hana úr haldi.

**Þessi ákæra snýst um einn stærsta þjófnað leyniskjala í sögu Bandaríkjanna.**

Ben Brandon, lögmaður bandaríska ríkisins

**Ég er blaðamaður sem hefur unnið til fjölmargra verðlauna og verndað fjölmarga.**

Julian Assange, stofnandi WikiLeaks

Hlé var í gær gert á meðferð málsins. Reuters hafði eftir Michael Snow dómara að mánuður væru þangað til niðurstaða fengist í málinu.

Hins vegar er búið að dæma í máli breska ríkisins gegn Assange. Hann var á miðvikudag dæmdur í fimmtíu vikna fangelsi fyrir að hafa brotið gegn skilmálum lausnar gegn tryggingu. Assange var sakfelldur fyrir að hafa flúið í ekvadorska sendiráðið og sótt þar um pólitískt hæli til þess að forðast framsal til Svíþjóðar þar sem hann var sakaður um kynferðislegt ofbeldi. Hinn ástralski Assange dvaldi í sendiráðinu í sjö ár áður en honum var úthýst í apríl síðastliðnum.

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, var staddur fyrir utan dómhúsið á miðvikudag. „Þetta er er spurning um líf eða dauða fyrir Assange. Þetta er einnig spurning um líf eða dauða fyrir grundvallargildi blaðamennsku,“ sagði ritstjórinn við blaðamenn á staðnum.

Ef Assange verður framseldur til Bandaríkjanna er ekki loku fyrir það skotið að bandarísk stjórnvöld ákæri hann fyrir fleiri meinta glæpi, samkvæmt lögfróðum sérfræðingum sem The New York Times ræddi við.

Þá er ekki heldur ómögulegt að rannsókn á máli Assange í Svíþjóð verði tekin upp á nýjan leik.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Skemmtiferðaskip í sóttkví vegna mislingasmits

**SANKTI LÚSÍA** Bandarískt skemmtiferðaskip var sett í sóttkví á eyríkinu Sankti Lúsíu í Karíbahafi í gær eftir að tilkynnt var um mislingatilfelli um borð. Frá þessu greindi Merlene Fredericks James, landlæknir á Sankti Lúsíu, í tilkynningu sem hún birti á myndbandaveitunni YouTube í gær.

James sagði að aðrir möguleikar hafi ekki verið á borðinu eftir að tvær tilkynningar bárust um smitið þar sem mislingar eru bráðsmitandi. „Ein sýkt manneskja getur auðveldlega smitað aðra með því að hnerra, hósta eða skilja eftir svita einhvers staðar. Þannig að hættan á frekara smiti olli því að okkur þótti skynsamlegast að ákveða að leyfa engum að fara frá borði eins og stendur,“ sagði læknirinn.

**›› Skipið sem um ræðir er í eigu Vísindakirkjunnar en hún hefur ekki viljað tjá sig um málið.**

Bandaríski fréttamiðillinn NBC News hafði eftir landhelgisgæslu á Sankti Lúsíu að skipið væri starfrækt af og í eigu Vísindakirkjunnar. Skipið var sagt heita Freewinds og á að vera með um 300 farþega innanborðs. Þetta rímar við það sem sjá mátti á vefsíðunni MarineTraffic.com í gærkvöldi. Vísindakirkjan hafði hvorki sent frá sér yfirlýsingu um málið né tjáð sig um það með öðrum hætti þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Að sögn James staðfesti skipslæknirinn að sjúklingurinn hefði ekki yfirgefið skipið og því ekki smitað neinn á eyjunni. Aukinheldur sagði James að mislingasjúklingurinn væri ekki í lífshættu vegna sjúkdómsins. **– þea**

**Íslandssjóðir 25 ára**



# 25% afmælis-afsláttur!

Íslandssjóðir fagna 25 ára afmæli og af því tilefni bjóðum við þér 25% afslátt af kostnaði við kaup í sjóðum út maí 2019.

**Nánar á islandsbanki.is/sjodir**



440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Dansandi í regninu

Þessir skrautlegu og kátu krakkar úr Verzlunarskólanum létu ekki úrhellisdembu spilla fyrir sér Peysufatadegi skólans í gær. Prúðbúnir dönsuðu Verzlingar á Ingólfstorgi og glöddu gesti og gangandi.











# Nýtt jafnvægi



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Eftir að hafa umbylt íslensku efnahagslífi á aðeins örfáum árum hefur ferðaþjónustunni, okkar stærstu gjaldeyrisskapandi atvinnugrein, verið skellt niður á jörðina. Það var aðeins tímaspursmál. Á hinum ævintýralega vexti síðustu ára, sem var hvorki sjálfbær né eftirsóknarverður til framtíðar, tók að hægja mjög í byrjun síðasta árs. Við gjaldþrot flugfélagins WOW air er nú ljóst að talsverður samdráttur er í kortunum til skemmri tíma litið. Fækkun ferðamanna á eftir að hitta mörg fyrirtæki illa fyrir, þau sem hafa spennt bogann of hátt í fjárfestingum sökum væntinga um að til landsins myndu áfram streyma ferðamenn á grundvelli ódýrra flugfargjalda. Í febrúar sagðist um þriðjungur fyrirtækja í ferðaþjónustu ætla að fækka starfsfólki á næstu sex mánuðum, en aðeins þrjú prósent vildu fjölga þeim. Sú mynd er án efa orðin enn dekkri nú þegar WOW air er horfið af sjónarsviðinu.

Í nýrri skýrslu Íslandsbanka um stöðu íslenskrar ferðaþjónustu, sem var kynnt í gær, kemur skýrt fram að atvinnugreinin stendur nú á tímamótum. Í fyrsta sinn frá 2011 mun draga úr fjölda ferðamanna til landsins og horfur eru á að gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar skreppi nokkuð saman í ár. Eftir sem áður mun ferðaþjónustan skila sambærilegum gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins og sjávarútvegur og áliðnaður samanlagt. Þótt fækkun ferðamanna þýði að viðskiptaafgangur, sem hefur verið viðvarandi og mikill allt frá falli bankanna, verði hverfandi þá er ólíklegt að slíkt hafi mikil áhrif á gengi krónunnar. Hrein eignastaða við útlönd hefur aldrei verið betri, Seðlabankinn ræður yfir meira en 700 milljarða gjaldeyrisforða, sem er ekki fjármagnaður með erlendum lántökum, stoðir hagkerfisins eru almennt afar traustar og efnahagshorfurnar góðar til lengri tíma litið. Allt ætti þetta að styðja við að raungengið verði áfram nokkuð hátt á komandi árum.

Það er þekkt staðreynd, eins og á oft við um nýjar og ört vaxandi atvinnugreinar, að ferðaþjónustan á Íslandi einkennist af mjög fáum stórum fyrirtækjum og mörgum litlum. Þannig mynda lítil fyrirtæki, sem eru með 500 milljónir króna eða minna í tekjur, saman um 93 prósent af heildarfjölda fyrirtækja í greininni. Fyrirséð er að þessi mynd taki stórum breytingum á næstu árum – og þó fyrr hefði verið – samhliða erfiðara rekstrarumhverfi. Of mikið framboð, meðal annars hjá hótelrekendum og bílaleigum, á eftir að skapa þrýsting til verðlækkana sem mun reyna mjög á lítil og meðalstór fyrirtæki sem standa mörg hver höllum fæti. Samanlagður hagnaður greinarinnar á árinu 2018 var aðeins um 27 milljarðar, sem var um 60 prósenta samdráttur frá fyrra ári, og arðsemin var heilt yfir afar lítil. Þetta gengur ekki upp til lengdar. Það er þess vegna tími hagræðingar og samþjöppunar fram undan þar sem fyrirtækjunum mun fækka og einingarnar stækka. Á þeirri vegferð munum við sjá talsvert af erlendum fyrirtækjum og fjárfestingarsjóðum sem sýna íslenskri ferðaþjónustu nú vaxandi áhuga.

Ólíkt því sem sumir héldu þá er líf eftir WOW air en aðlögunin að nýju jafnvægi verður vitaskuld ekki sársaukalaus. Ísland er komið á kortið sem ferðaþjónustuland. Og það er ekki að fara að breytast.

**Ólíkt því sem sumir héldu þá er líf eftir WOW air.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þegi þeir sem flestir**

**Þau stórmerki áttu sér stað á hinu háæruverðuga Alþingi í gær að kjörinn fulltrúi, ráðherra meira að segja, viðurkenndi að hafa ekki verið að fylgjast nægilega vel með og stæði því vanmáttugur og svaralaus í pontu fyrir þingi og þjóð. Bjarni Benediktsson gerði það sem svo óteljandi margir þingmenn, ráðamenn og kjörnir fulltrúar hefðu í svo óteljandi mörg skipti mátt gera. Hann viðurkenndi að hann hefði engar forsendur til að blaðra ábyrgðarlaust út í loftið um eitthvað sem hann hefði takmarkaða eða jafnvel enga hugmynd um hvað væri. Hann viðurkenndi þann mannlega breyskleika að hafa hreinlega ekki verið að fylgjast með og hafði vit á því að þegja. Mikið væri það til fyrirmyndar ef fleiri myndu andskotast til þess á þessum síðustu og verstu.**

**Stóð undir nafni**

**Óundirbúnar fyrirspurnir hafa aldrei staðið jafnrækilega undir nafni og við þessi merku tímamót. Margir hafa legið Birni Leví Gunnarssyni, þingmanni Pírata, á hálsi fyrir fyrirspurnafargan og stagl í þingsal. Þá einkum flokks- og fylgismenn Bjarna. Formaður Sjálfstæðisflokksins var þó æstur í að fá að heyra meira frá Birni í gær og tækifærinu feginn.**

**mikael@frettabladid.is**

# Dauði staðreyndanna



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
þingmaður Vinstri grænna

Fá hugtök hafa líklega náð meiri fótfestu á síðustu árum en falsfréttir. Það eru ekki síst stjórnmálamenn sem nota hugtakið og þá yfir fregnir sem draga eitthvað fram sem þeim sjálfum ekki hugnast. Við Íslendingar höldum oft að við séum öðruvísi en annað fólk, en svo er ekki. Sú þróun í umræðu og stjórnmálum sem við sjáum úti í heimi ratar hingað og hefur þegar gert það.

Á sama hátt hefur dregið úr gildi staðreynda og við hikum ekki við að tefla tilfinningu okkar fyrir því hvernig hlutirnir séu gegn vísindalegum staðreyndum.

Við sjáum þetta ekki síst í umhverfis- og loftslagsmálum, í það minnsta bar fyrst á þessu þar. Niðurstöður vísindamanna um hlýnun jarðar og hlutverk mannlegrar tilvistar í henni voru dregnar í efa. Það var líka auðveldara fyrir tíu, tuttugu árum, þegar afleiðingar loftslagsbreytinga voru ekki eins sýnilegar og nú er orðið. En enn er til fólk sem neitar því að maðurinn hafi nokkuð með þetta að gera, þrátt fyrir niðurstöður umfangsmikilla vísindarannsókna.

Þetta er einnig áberandi í óáþreifanlegri fyrirbærum eins og mannréttindum eða yfirráðum yfir auðlindum. Á dögunum átti ég í rökræðum við þingmann Miðflokksins sem taldi allar ásakanir um mannréttindabrot stjórnvalda á Filippseyjum vera falsfréttir. Ófáar ræður hafa verið haldnar á síðustu vikum um meint framsal á orkuauðlindum. Í þessum efnum skiptir álit sérfræðinga, niðurstaða rannsókna, sumt fólk engu ef það hefur annað á tilfinningunni. Þá trúir fjöldi fólks því ranglega að bólusetningar geti leitt til einhverfu svo til vandræða horfir með útbreiðslu sjúkdóma sem tekist hafði að vinna bug á.

Þetta hefur í för með sér að oft og tíðum er erfitt að eiga í umræðum, við eigum erfitt með að taka upplýstar ákvarðanir – sem er grundvöllur lýðræðisins. Almennt er gott að efast. En ef við erum tilbúin að stimpla óþægilegar staðreyndir sem falsfréttir, þá fyrst eigum við í vanda.

**En ef við erum tilbúin að stimpla óþægilegar staðreyndir sem falsfréttir, þá fyrst eigum við í vanda.**

ISEO®




Lyklalaust aðgengi á hurðir.
Bluetooth tenging við snjallsíma, kort og lyklabólu.
Hægt að hafa marga notendur.

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Lygalaupar á hlaupum

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þegar fólk tekur ákvörðun um að byrja á einhverju nýju eða taka upp þættan lífsstíl vantar yfirleitt ekki stuðning frá umhverfinu. Dæmi um þetta er þegar fólk tekur ákvörðun um að byrja að stunda útihlaup. Þá liggur vitaskuld beinast við að leita ráða og stuðnings hjá þeim sem hafa reynslu af því undarlega háttalagi að klæðast óhemjuljótum fatnaði og trimma svo í risastóran hring til þess eins að mæðast í algjöru tilgangsleysi. Hlaupin enda oftast á sama stað og þau hófust og hafa eftir því hvernig maður horfir á það annaðhvort engan tilgang eða tilgang í sjálfum sér, sem virðist reyndar af andlitsdráttum hlauparanna oft vera einhvers konar sjálfspíning.

Hlauparar sem hafa gert útiskokk að lífsstíl ljóma gjarnan upp í hvetjandi brosi þegar við þá er ámálgaður áhugi á að taka upp þetta atferli. Það stendur þá hvorki á vinsamlegum ráðleggingum né stuðningi. „Mikilvægt að byrja rólega,“ er það sem er sagt fyrst. „Finna sitt tempó.“ „Hafa gaman af þessu.“ „Njóta, en ekki þjóta.“

### Nesti og nýir hlaupaskór

Og svo segja þessir hlauparar oft: „Þetta verður ekkert mál. Svo skellirðu þér bara í 10 kílómetrana í Reykjavíkurmaraþoninu. Þú verður enga stund að koma þér í form.“ Já, já, einmitt. Taktu því rólega fyrst—en svo þarftu að komast í form og hlaupa 10 km, hálfmaraþon, maraþon, Laugavegshlaup, últramaraþon. „Þú verður enga stund að koma þér í form.“ Og á bak við þessi hvatningarorð verður strax óþægileg pressa. „Ef þú ert að þessu á annað borð, þá er eins gott að vera að keppa.“

Og með þessi ráð í nesti, og nýja hlaupaskó á fótunum, hefjast æfingarnar. Þá er enginn til að hvetja mann áfram. Það er bara gangstéttin, rigningin, rokið eða sólin, lognið og maður sjálfur einn með sinn metnað og vilja til þess að sýna og sanna fyrir sjálfum sér og heiminum að maður geti þetta eins og allir aðrir. Og fyrir þá sem hafa verið duglegir að spara sér sporin eru fyrstu „æfingarnar“ eins og ísköld vatnsgusa. Það að hlaupa 10 kílómetra virðist eins fjarlægur raunveruleiki og að geta stokkið yfir 10 metra í langstökki. Meira að segja fimm kílómetrar virðast ófyrirstíganlegir. Maður er orðinn undarlega úrvinda á innan við kílómetra. „Það verður ekkert mál að koma þér í form.“ Einmitt það já.

### Ósannindi eða lygar

Kannski er það rétt sem mig hefur alla tíð grunað—að ég sé alveg einstaklega illa fallinn til þess að stunda hlaup. Mín reynsla af því að byrja að reyna að hlaupa—eftir margra áratuga kyrrsetu, reykingar, sælgætisát og almennt hóglífi—er einmitt ekki að það sé „ekkert mál“ eða að það sé eitthvað annað en sturluð hugmynd að skrá mig í 10 kílómetra hlaup. Um leið og ég byrja að skokka, þá byrja ég að bíða eftir að geta hætt. Það er ekki taug eða fruma í líkama mínum sem hefur eina einustu trú á því að ég muni nokkru sinni ná að hlaupa fimm kílómetra, hvað þá meira. Og þá hugsa ég að það megi fara til fjandans allt það lygahyski sem er í samsæri um að halda fram þessari þvælu um að „allir geti hlaupið“ og að maður eigi bara að „hafa gaman af þessu“. Já, hafið þið bara gaman af ykkar tilgangslausa skokki og ég skal hafa gaman af því að láta draga neglurnar af fingrunum á mér. Er það lygi hjá öllu þessu hlaupaliði að það sé „ekkert mál“ að koma sér í form? Það eru vissulega ósannindi—en eru það lygar?

### Sársaukinn gleymist

Eftir að hafa harkað af mér nokkuð mörg örfárra kílómetra skokk yfir margra mánaða tímabil fór nefnilega eitthvað að gerast sem ég átti ekki von á. Smám saman virðist það hafa virkað sem allir sögðu að myndi virka. Ég fór að nálgast staðinn sem allir sögðu að „tæki enga stund“ að komast á. Að geta hlaupið nokkra kílómetra, jafnvel allt undir tíu, og farið að hafa gaman af því. Reyndar eru hlaupin lúshæg; en þetta er betra en ég átti von á og ánægjulegt að sjá að þrátt fyrir yfirgnæfandi líklega burði til langhlaupa þá sé hægt að bæta sig ögn.

Og kemur þá að þessu með lygarnar og ósannindin. Í staðinn fyrir að vera stoltur af því að hafa þraukað í gegnum langan tíma þar sem enginn árangur virtist vera að nást, finn ég að ég byrjaði sjálfur að sannfærast um að þetta hefði í raun og veru ekki verið neitt mál. Ég einfaldlega man ekki eftir því hversu erfitt og vonlaust mér fannst þetta allt saman fyrir ári síðan. Það eina sem bjargar mér frá algjörri veruleikafirringu er nákvæm skráning á hlaupunum frá upphafi. Ég get séð framfarirnar á pappír þótt mér finnist í raun eins og ég hafi alltaf verið á nákvæmlega þeim stað sem ég er núna.

Svona virkar margt sem krefst fyrirhafnar en er þó þess virði. Foreldrar sem berjast í gegnum fyrstu ár barna sinna vansvefta og pirraðir gleyma því öllu algjörlega og líta til baka til tímans sem algjörs sælutímabils. Hér er það sama á seyði. Þetta er hluti af blekkingunni sem gerir mannfólkinu kleift að leggja á sig erfiði í dag til þess að njóta ávaxtanna síðar.

### Árangurinn lifir

Allar erfiðu æfingarnar sem íþróttamenn leggja á sig gleymast þegar þeir ná árangri. Púlið við að læra fyrir erfið próf, eða að reyna að skilja flókna hluti virkar rómantískt og skemmtilegt eftir á. Og þekking, skilningur og færni sem maður öðlast með miklum harmkvælum og álagi virðist augljós þegar maður hefur náð almennilegu valdi á henni. Og það sem meira er; maður getur ekki ímyndað sér að þekkingin hafi ekki alltaf leikið í höndunum á manni.

Þeir sem hafa náð árangri á einhverju sviði—hvort sem það eru hlauparar, stærðfræðingar eða listafólk—vanmeta oftast vinnuna og erfiðið sem þeir hafa lagt á sig. Þeir eru ekki óheiðarlegir, og eru hvorki að ljúga að sjálfum sér né öðrum—þeim einfaldlega finnst af algjörri einlægni þeir ekki hafa þurft að leggja svo á sig; þekkingin og getan hafi alltaf verið til staðar.

Þetta er ágætt að hafa í huga núna á vormánuðum þegar margt kyrrsetufólk er byrjað að velta fyrir sér skráningu í Reykjavíkurmaraþon. Það eru vissulega ósannindi að það sé „ekkert mál“ að koma sér í form—en þó er það ekki lygi heldur. Þetta er bara erfitt á meðan á því stendur, en ekkert mál þegar það er afstaðið.

> Um leið og ég byrja að skokka, þá byrja ég að bíða eftir að geta hætt. Það er ekki taug eða fruma í líkama mínum sem hefur eina einustu trú á því að ég muni nokkru sinni ná að hlaupa fimm kílómetra, hvað þá meira. Og þá hugsa ég að það megi fara til fjandans allt það lygahyski sem er í samsæri um að halda fram þessari þvælu um að „allir geti hlaupið“ og að maður eigi bara að „hafa gaman af þessu“.










## NÝJUNG

### Hagkaups pizzur 15″

**Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn 8 mínútur á 220°C - 5 spennandi tegundir**

verð frá **1.699** kr/stk




**Toppaðu pizzuna með hvítlauks- eða chiliolíu frá Ítalíu**




**Olifa eru hágæða ólífuolíur frá Ítalíu**

verð frá **1.899** kr/stk




**Rummo hágæða ítalskt pasta**

**429** kr/pk




## NÝJUNG

**40% minni fita – enginn sykur, ekkert gluten**

**299** kr/pk




**Andrex klósettpappír 9 rúllur**

**979** kr/pk
verð áður 1.199

**30%** afsláttur




## NÝJUNG

**Keto Cups súkkulaði. Inniheldur MCT olíu**




**Green cola Án sykurs, aspartam og rotvarnarefna. 100% bragð**

**159** kr/stk

# *Meira* svona *alla daga*



**20% afsláttur**




**NÝJUNG**

**G Hughes sykurlausar BBQ sósur**

**799** kr/stk

FJALLALAMB KÓPASKERI NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

**Lærissneiðar, framhryggjasneiðar og skyndigrillsneiðar**

Verð frá **2.559** kr/kg

verð áður 3.199



**35% afsláttur**

ÍSLANDS LAMB

**Lambainnralæri**

**2.989** kr/kg

Verð áður 4.599 kr/kg



**25% afsláttur**

ÍSLANDS NAUT

**Trufflumarineraður nautavöðvi**

**2.849** kr/kg

Verð áður 3.799 kr/kg



**15% afsláttur**

Holta

**Kjúklingabringur**

**2.124** kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Allt undir í Vesturbænum annað kvöld



KR náði að knýja fram oddaleik í úrslitum Domino's-deildar karla með 80-75 sigri á ÍR í Seljaskóla í gærkvöldi. ÍR gat með sigri tryggt sér titilinn í fyrsta sinn í 42 ár en reynslumikið lið KR lét það ekki á sig fá. KR var með frumkvæðið stærstan hluta leiksins og leiddi eftir alla fjóra leikhlutana í gærkvöld. Þessi tvö sigursælustu lið íslenska karlakörfuboltans mætast því í hreinum úrslitaleik annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sunna snýr aftur inn í búrið

**Bardagakonan Sunna Davíðsdóttir snýr aftur í búrið á bardagakvöldi Invicta í kvöld eftir tuttugu mánaða fjarveru. Barist er eftir breyttu fyrirkomulagi en sigur tryggir Sunnu strávigtarbelti samtakanna.**

**MMA** Bardagakonan Sunna Davíðsdóttir, kölluð Sunna Tsunami, snýr aftur í búrið í kvöld eftir tuttugu mánaða fjarveru á Phoenix Rising bardagakvöldinu sem fer fram í Kansas City. Að baki er barátta við erfið meiðsli á hendi og er Sunnu eflaust farið að þyrsta í fjórða sigurinn í röð sem atvinnubardagakona.

Bardagakvöldið er skipulagt af Invicta-bardagasamsteypunni sem Sunna hefur verið að berjast í sem atvinnumaður. Allir þrír sigrarnir hafa komið eftir einróma dómaraúrskurð og var Sunna sérstaklega verðlaunuð fyrir frammistöðu sína í bardaganum gegn Mallory Martin þegar bardagi hennar var valinn besti bardagi kvöldsins.

Sá bardagi átti eftir að hafa eftirmál því Sunna reif öll liðbönd í hnúanum sem hún beitir hvað mest og bein fór úr lið sem sást ekki á myndatökum hjá lækni. Það stöðvaði því ekki Sunnu sem barðist stuttu síðar gegn Kelly D'Angelo. Við það versnuðu meiðslin en hún er mætt öflug til leiks á ný.



Sunna hefur verið ein öflugasta bardagakona landsins undanfarin ár og vakið athygli erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Ég hef beðið eftir að fá að sleppa dýrinu lausu mjög lengi og hlakka rosalega til að komast aftur í búrið þar sem ég er best geymd. Mér líður eins og skógarbirni sem er að vakna eftir langan vetrardvala, hungraður og hættulegur," sagði Sunna þegar bardaginn var kynntur.

Bardagakvöldið í kvöld fer fram með breyttu sniði, í stað þess að Sunna fari í einn bardaga er um útsláttarkeppni að ræða. Kvöldið byrjar á fjórum bardögum sem endast eina lotu. Fjórar fara áfram í undanúrslitin og berjast á ný í einni lotu þar sem sæti í úrslitunum verður undir. Sami háttur er á í úrslitabardaganum.

Sunna byrjar kvöldið gegn Kailin Curran sem á að baki sjö bardaga innan UFC-bardagasamtakanna. Líkt og Sunna hefur Curran ekkert barist síðan 2017 þegar hún tapaði síðasta UFC-bardaga sínum.

Þá var það tilkynnt á dögunum að sigurvegari kvöldsins myndi hljóta að launum strávigtarbelti samtakanna og verða með því heimsmeistari samtakanna.

„Ég hafði grun um að það yrði óvæntur glaðningur fyrir sigurvegara mótsins að fá beltið þar sem handhafi þess yfirgaf samtökin nýlega og gerði samning við UFC. Stuttu síðar komst ég að því að þetta var raunin og hjartað tók kipp því ég sé fyrir mér að draumar minn sé í þann mund að rætast," sagði Sunna þegar það var tilkynnt.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
*Úrslit*

**ÍR - KR 75-80**

**ÍR:** Kevin Capers 17, Matthías Orri Sigurðarson 17, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12, Sigurkarl Róbert Jóhansson 8, Trausti Eiríksson 7, Gerald Robinson 6, Sæþór Elmar Kristjánsson 4, Daði Berg Grétarsson 2, Hákon Örn Hjálmarsson 2.
**KR:** Kristófer Acox 18, Finnur Atli Magnússon 15, Björn Kristjánsson 14, Julian Boyd 12, Michele DiNunno 12, Jón Arnór Stefánsson 9.

*Staðan í einvíginu er 2-2 og fer því oddaleikur fram um Íslandsmeistaratitilinn í DHL-höllinni á laugardaginn.*

**Pepsi-deild kvenna**
*1. umferð*

**ÍBV - Breiðablik 0-2**
0-1 Agla María Albertsdóttir (11.), 0-2 Ingibjörg Lúcía Ragnarsdóttir, sjálfsm. (28.).

**Stjarnan - Selfoss 1-0**
1-0 Birna Jóhannsdóttir (24.)

**Fylkir - Keflavík 2-1**
1-0 Ída Marín Hermannsdóttir (2.), 1-1 Sveindís Jane Jónsdóttir (3.), 2-1 Marija Radojicic (52.).

**HK/Víkingur - KR 1-0**
1-0 Þórhildur Þórhallsdóttir (38.)

**Olís-deild karla**
*Undanúrslit*

**ÍBV - Haukar 32-30**

**ÍBV:** Hákon Daði Styrmisson 8, Gabríel Martinez Róbertsson 6, Kristján Örn Kristjánsson 5, Dagur Arnarsson 5, Fannar Friðgeirsson 4, Sigurbergur Sveinsson 2, Kári Kristján Kristjánsson 1, Daníel Örn Griffin 1.
**Haukar:** Adam Haukur Baumruk 8, Daníel Þór Ingason 7, Orri Freyr Þorkelsson 5, Heimir Óli Heimisson 4, Atli Már Báruson 3, Ásgeir Örn Hallgrímsson 2, Halldór Ingi Jónasson 1.

*Staðan í einvíginu er jöfn 1-1 eftir sigur ÍBV. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram. Liðin mætast á ný á sunnudaginn.*

## Keppnin hefst við Esjurætur

**CROSSFIT** Alþjóðlega CrossFit-mótið Reykjavík CrossFit Championship hefst í hádeginu í dag við Esjurætur þegar fyrsta þrautin (e. WOD) fer fram þar sem keppendur þurfa að hlaupa upp að Steini á Esjunni. Um er að ræða fyrri æfingu fyrsta keppnisdags en seinni æfingin fer fram í Laugardalshöll í kvöld.

Alls fara átta æfingar fram um helgina og tryggir sigurvegarinn sér þátttökurétt á heimsleikunum í Madison í sumar en fari svo að keppandi sem hefur þegar tryggt sér þátttökurétt, líkt og Björgvin Karl Guðmundsson og Þuríður Erla Helgadóttir, vinni, færist þátttökurétturinn á næsta þátttakanda.



Þá munu Katrín Tanja Davíðsdóttir og Annie Mist Þórisdóttir, sem báðar hafa hlotið nafnbótina hraustasta kona heims tvívegis, taka þátt í sérstakri keppni á laugardeginum. – kpt

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 3. MAÍ 2019



# Kominn tími á sterka andspyrnu

Harpa Einarsdóttir fatahönnuður á stóran þátt í útliti hljómsveitarinnar Hatara. Í næstu viku opnar hún myndlistarsýningu á Grandanum í Reykjavík. ➜2

MYND/NIKOLAS GRABAR

ENZYMEDICA®
Pizza í matinn?






Unfurl 120x200 cm kr. 109.900

Zeal Svefnbekkur 70x200 cm kr. 79.900

CUBED SVEFNSÓFI MEÐ ÖRMUM
STÆRÐ: 154x104/207 CM
SVEFNFLÖTUR 140x200 CM
KR. 199.800

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Harpa Einarsdóttir er fjölhæfur listamaður og hönnuður sem vakti athygli fyrir stuttu þegar hljómsveitin Hatari klæddist hönnun hennar á upphitunarviðburði fyrir Eurovision keppnina sem haldinn var á Spáni nýlega. Hatari stígur á svið á fyrra undanúrslitakvöldi keppninnar í Ísrael um miðjan mánuðinn en þar mun sveitin og dansarar hennar klæðast flíkum úr vörumerki hennar, Myrku, sem búningahönnuðir sveitarinnar, Karen Briem og Andri Hrafn Unnarsson, hafa stíliserað og skreytt með fylgihlutum og öðrum fatnaði. Utan þess hefur Harpa, sem útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 2005, komið að búningagerð og öðrum þáttum kvikmyndagerðar, unnið hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP þar sem hún hannaði sci-fi-búninga og persónur, sett á fót fyrrnefnt fatamerki, Myrku, og sinnt myndlist undir nafninu Ziska en hún heldur næstu myndlistarsýningu sína fimmtudaginn 9. maí á Coocoo's Nest á Grandanum í Reykjavík. „Aðkoma mín að búningum Hatara er í raun algjör tilviljun. Hópurinn klæddist hönnun minni nýverið á glæsilegum gala-upphitunarviðburði fyrir Eurovision-keppnina á Spáni og mun einnig notast við einhverja stíla frá Myrku á viðburðum í Ísrael á næstu dögum. Ég deili vinnustofu, með Karen Briem og Andra Hrafni, búningahönnuðum þeirra, sem báðu mig um að lána sér föt fyrir Spánarviðburðinn. Þau eiga því mestan heiðurinn af samsetningunni sjálfri og öðru sem þau galdra fram, t.d. hanna þau og framleiða mest af BDSM-ólunum í stúdíóinu.“

## Boðskapurinn heillaði

Hún segir Hatara hafa tileinkað sér BDSM-stílinn löngu fyrir Eurovision keppnina. „Sjálf kynntist ég sveitinni fyrst þegar Sóley vinkona mín Kristjánsdóttir kynnti mig fyrir henni fyrir löngu síðan en hún er einlægur aðdáandi. Ég sá svo bandið á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves stuttu seinna og trúði varla því sem fyrir augu og eyru bar svo stjörnudáleidd varð ég.“ Þótt tónlistin og sviðsframkoman hafi verið mögnuð að hennar sögn segir hún þó boðskap sveitarinnar hafa heillað hana mest. „Það er eitthvað að í veröldinni og sið-kapítalisminn á vissulega þátt í því. Við lifum í endalausri þversögn við okkur sjálf og reynum að finna tilgang í veröld sem er svo hræðilega grunnhyggin og feik. Hvað er kapítalisminn annað en gráðugt dauðakölt sem fórnar lifandi verum og náttúru fyrir skammtíma hagsmuni sína? Það er kominn tími á sterka andspyrnu og nýja ósvikna hugmyndafræði ef við eigum að bjarga jörðinni og okkur sem mannkyni.“



„Vörumerki mitt, Myrka, á vissulega sterka samleið með Hatara, ekki bara stíllinn heldur einnig löngunin til að finna leið til að breyta heiminum,“ segir Harpa Einarsdóttir, fatahönnuður og listamaður. MYND/NIKOLAS GRABAR

## Innblástur sóttur víða

Eins og fyrr segir koma flíkurnar úr fatamerkinu Myrku en það setti hún á fót fyrir fimm árum. „Vörumerki mitt, Myrka, á vissulega sterka samleið með Hatara, ekki bara stíllinn heldur einnig löngunin til að finna leið til að breyta heiminum og gera hann að betri stað áður en það er of seint og Hatrið sigrar.“ Hún skilgreinir merkið sem „indí“ vörumerki en flíkurnar eru framleiddar í mjög takmörkuðu upplagi. „Ég sæki innblástur í listir, frjálsa hugsun, kynfrelsi og andspyrnu. Um leið styður merkið við fjölbreytileika manneskjunnar, náttúruvernd, jafnrétti og einstaklingshyggju. Þetta er götu- og hátíska með boðskap fyrir hugsandi manneskjur en þess má geta til gamans að söngkonan Skin úr Skunk Anansie klæddist nýlega galla frá Myrku í viðtali í þekktu glanstímariti.“ Síðasta lína Myrku var haust- og vetrarlínan 2019-2020 sem nefnist Seismic Soils en hún var samstarfsverkefni hennar og Siggeirs Hafsteinssonar. „Stefnan er að framleiða hluta af þeirri línu og koma í sölu í haust. Í sumar munum við vinna að nýstárlegu vídeóverki sem við munum kynna í haust þegar línan er komin úr framleiðslu.“





Harpa Einarsdóttir opnar sýningu á Coocoo's Nest á Granda í Reykjavík í næstu viku. Þessi tvö verk hennar eru unnin með blandaðri tækni.

## Hlaðin orku

Opnun myndlistarsýningar hennar á Coocoo's Nest næsta fimmtudag hefst kl. 18 en sýningin mun standa út mánuðinn. „Ég hef alla tíð verið að gera myndlist þótt ég sé ekki menntuð í faginu og m.a. haldið nokkrar einkasýningar. Því gladdi það mig mikið að vera samþykkt í Samband íslenskra myndlistarmanna á sínum tíma, sem var ákveðin viðurkenning á mér sem myndlistarkonu. Ég mun sýna verk sem eru unnin með blandaðri tækni á striga og teikningar sem ég vann á Seyðisfirði á tveggja vikna tímabili í apríl.“ Hún segir verk sín vera hlaðin orku og tilviljunarkenndum útkomum, innblásin af hugmyndafræðinni „rewilding“ og shamanisma sem hún segist lengi hafa aðhyllst. „Verkin lýsa ferðalagi í undirheima til að finna sitt sanna anda-dýr og löngunninni til að halda þar kyrru fyrir, í stað þess að taka dýrið með í miðheima, eða raunveruleikann eins hann er. Náttúran er mjög mikilvæg í shamanisma enda er hún talin vera heilög og allt sem tilheyrir náttúrunni er talið lifandi og búa yfir eigin sál. Shamaninn getur haft samband við þessar sálir og notfært sér þær í vinnu sinni. Dýr eru líka gríðarlega mikilvæg og fólk sem aðhyllist shamanisma trúir því að hvert og eitt dýr hafi eitthvað til þess að kenna mannfólkinu, einhverja vitneskju sem það kemur með til okkar.“



Jakkinn sem Klemens klæðist er „showpiece“ flík úr Seismic Soils, nýjustu línu Myrku, sem hægt er að klæðast á nokkra mismunandi vegu, m.a. öfugt og úthverft.



Hér klæðist Matthias glæsilegum jakka úr nýjustu línu Myrku sem var kynnt á HönnunarMars.

Fatamerkið Myrku má kynna sér á myrkaiceland.com og á Instagram (@myrka_iceland). Nánari upplýsingar um myndlistarsýninguna má finna á Facebook-viðburði undir ZISKA + KÚKÚ.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5725 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Burlesque og bingó? – það gerist ekki betra

Burlesque-hópurinn Dömur og herra samanstendur af dömum og einum herra sem öll eiga sameiginlegt að njóta þess að búa til og flytja fjölbreytt skemmtiatriði við hæfi fullorðinna þar sem saman koma kynþokki, skemmtun og hæfileikar. Hann stendur fyrir burlesque-bingói á morgun.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Annað kvöld klukkan níu stígur hópurinn á svið á Húrra og skemmtir gestum sínum af list og lyst og í ofanálag verður slegið í bingó þar sem glæsilegir vinningar verða í boði.

*En hvernig er burlesque-sýning?*

„Hún samanstendur af stuttum atriðum þar sem fólk er að leika sér að því að vera fyndið, fara út úr kynjakassanum og nýta hæfileika sína," segir Helga Thoroddsen, flúrari og myndlistarmaður.

„Stutt atriði fyrir fullorðna þar sem blandast saman bæði hæfileikar, húmor og kynþokki," bætir María Kristín Steinsson, ljósmyndari og magadansmær, við.

Sýningin á morgun verður með svokölluðu nerdlesque-yfirbragði þar sem áhrifa gætir úr dægurmenningu.

„Þar verða ýmsar frægar persónur úr bíómyndum og teiknimyndum, tölvuleikjum og jafnvel auglýsingum að skemmta sér og öðrum," segja þær leyndardómsfullar á svip.

## Vildi finna sitt sexí

Dömur og herra hafa verið starfandi í tvö ár.

„Við kynntumst í burlesque-tímum hjá Margréti Erlu Maack í Kramhúsinu í janúar 2017 og nokkrum mánuðum síðar settum við upp okkar fyrstu sýningu," segir María. „Þessi hópur small svo vel saman að við höfum verið starfandi síðan og sett upp sýningar reglulega."

Helga segist hafa heillast af leiknum sem fylgir burlesque-listforminu.

„Ég byrjaði í burlesque af því að mig langaði að reyna að finna mitt sexí sem ég var ekki búin að finna áður en svo kom fljótlega þörfin fyrir að búa til atriði og fara á svið," segir hún.

María kynntist burlesque þegar hún bjó í London.

„Ég var í magadansi og heillaðist af þessu listformi og frelsinu til að geta gert það sem mig langaði til að gera. Ég lifi fyrir þetta, það er bara þannig," bætir hún við og brosir.

Þær eru báðar mjög spenntar fyrir sýningunni á laugardaginn.

„Ég sýni dragatriði í fyrsta sinn," segir Helga, „og blanda því saman við þverflautuleik en ég lærði á flautu í mörg ár og það er gaman að geta nýtt það."

María sýnir svokallað klassískt burlesque en hún hefur sérhæft sig í því.

„Þetta er svona það sem fólk hugsar um þegar það heyrir orðið burlesque, fjaðravængir, seiðandi tónlist og mjaðmasveiflur."

Sýningin og bingóið er lokahnykkurinn í söfnunarátaki hópsins sem stefnir í náms- og rannsóknarleiðangur til New York í lok maí.

„Við höfum lagt allan ágóða af öllum sýningunum okkar frá upphafi í sjóð og ætlum að heimsækja þetta mekka búrlesksins í New York; fara á sýningar og í tíma og sækja okkur innblástur," segir Helga.

Þá segja þær hluta hópsins einnig á leið á Brighton Fringe-hátíðina um miðjan maí þar sem hann sýnir tvær sýningar í The Old Market leikhúsinu.

Að lokum hvetja þær stöllur alla sem hafa áhuga á öðruvísi skemmtun til að koma á Húrra annað kvöld.

„Og ekki má gleyma frábærum vinningum. Bingó og burlesque, það gerist ekki betra!"

Nánari upplýsingar á Facebook undir Burlesque+bingó og miðar fást á tix.is og við innganginn.



**María Kristín Steinsson og Helga Thoroddsen verða á Húrra annað kvöld að skemmta sér og öðrum á burlesque-bingói.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




**Sýningin verður með nerdlesque-yfirbragði og sjá má frægar persónur úr bíómyndum, teiknimyndum og tölvuleikjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ÖBÍ

**Málþing þriðjudaginn 7. maí, kl. 15 á Grand hóteli**

# Þjónusta í þróun
## -hvað gerir heilsugæslan fyrir þig?

Breytingar standa yfir á heilsugæslunni, sem á að vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Örorkulífeyrisþegar greiða ekki komugjöld á heilsugæsluna, en hvaða þjónusta stendur þeim til boða og hvers er að vænta?

**DAGSKRÁ**

| | |
|---|---|
| 15:00 - 15:10 | **Ávarp fundarstjóra.** Vilhjálmur Hjálmarsson, varaformaður ADHD samtakanna |
| 15:10 – 15:25 | **Heilsugæslan – hlutverk og þróun.** Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins |
| 15:25 - 15:45 | **Heilsuvera.** Margrét Héðinsdóttir, hjúkrunarfræðingur |
| 15.45 – 16.05 | **Hreyfiseðlar - allir með!** Auður Ólafsdóttir, sjúkraþjálfari |
| 16:05- 16:25 | **Kaffi** |
| 16:25 - 16:45 | **Geðteymi heilsugæslunnar**. Hrönn Harðardóttir, teymisstjóri og Ingólfur Sveinn Ingólfsson, geðlæknir, Geðteymi HH vestur |
| 16.45 – 17.05 | **Heilbrigð sál.....** Óttar G. Birgisson, sálfræðingur heilsugæslu Seltjarnarness |
| 17:05 - 17:25 | **Gagnleg og góð þjónusta – eða hvað?** Guðríður Ólafs Ólafíudóttir, Sjálfsbjörg lsh. |
| 17:25 - 17:45 | **Samantekt**: Væntingar til heilsugæslunnar í nútíð og framtíð. Emil Thóroddsen, formaður málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál |
| 17:45 | **Ráðstefnuslit** |

**Aðgangur ókeypis**
**Rittúlkun er á málþinginu**
**Skráning á obi@obi.is**

**Málefnahópur ÖBÍ um heilbrigðismál**

ÖBÍ - EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!




## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér trjáklippingar og garðvinnu. Uppl. í s. 616 1569.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á næðum svefni

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Skemmtanir



## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

2-3ja herb. íbúð, stúdíó íbúð og herbergi til leigu svæði 105. Laus strax. Uppl. 860-0360

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í hlutastarf , 25 ára og eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. á staðnum eða senda á netfangið milano@simnet.is

Yfirstýrimaður óskast á Friðrik Sigurðsson ÁR 17. Afleysing í maí, mest brúar vinna. Sæbjúgnaveiði. Uppl. í síma 8996405 Lárus.

### Tilkynningar

# AÐALFUNDUR
## Félags lykilmanna – FLM

Aðalfundur Félags lykilmanna – FLM
verður haldinn þriðjudaginn 14. maí nk., kl. 17:00
að Suðurlandsbraut 4a (4.hæð), Reykjavík.

**Dagskrá:**
Hefðbundin aðalfundarstörf.

***Stjórn Félags lykilmanna***

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Landmótun og stækkun Jaðarsvallar, Akureyri

Akureyrarbær hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um landmótun og stækkun Jaðarsvallar, Akureyri.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 3. maí.—14. júní á eftirtöldum stöðum: Í ráðhúsinu á Akureyri, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 14. júní 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.






### Tilkynningar

ÖLFUS

# Skipulagsauglýsing fyrir Sveitarfélagið Ölfus

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022

Breyting á reit F11 sem er úr jörðinni Gljúfurárholt.

Bæjarstjórn Ölfuss auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulaglaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að breyta notkun á F11 úr frístundabyggð í landbúnaðarland og einnig svæði fyrir þjónustustofnanir á um 2 ha landi.

Aðkoma að landinu er frá Hvammsvegi (374) í samræmi við samþykkt Vegagerðarinnar um aðkomu að svæðinu.

Svæðið tekur til lóða innan F11 sem eru Gljúfurárholt 23, landnr. 199505, 5,56 ha, Gljúfurárholt land 14, landnúmer 225762, 3,06 ha, Gljúfurárholt land 10, landnr. 199504, 11,26 ha, Gljúfurárholt land 13, landnúmer 225761, 3,08 ha.

Nýtingarhlutfall á svæðinu er 0,05.

Á landbúnaðarlandi er heimilt að byggja í samræmi við aðalskipulag íbúðarhús fyrir fasta búsetu auk landbúnaðarbygginga.

Breytingartillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfus að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá og með 3. maí 2019 til 14. júní 2019 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b, 105 Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til föstudagsins 14. júní 2019. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

## Tillaga að deiliskipulagstillögu fyrir lóðir úr landi Gljúfurárholts

*1. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt land 10, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu.*

Aðkoma að landinu er frá Hvammsvegi (374) í samræmi við samþykkt Vegagerðarinnar. Ein tenging er frá Hvammsvegi (374) inn á land 10 og liggur tengivegur að lóðum nr. 13 og 14 frá þeirri tengingu.

Gljúfurárholts land 10, sem er 11,26 ha, er skipt upp í þrjá hluta. Nýtingarhlutfall er 0,05 og heildarbyggingarmagn, gólffletir, á landinu er 5630 m2. Um landið liggur síma-/ljósleiðarastrengur sem gæta skal að við framkvæmdir.

S1, sem er um 4,7 ha, er er skipulag fyrir þjónustukjarna fyrir fatlaða eða aldraða ásamt geymslu- og áhaldahúsi. Byggingarreitur fyrir þjónustukjarna og heimili með íbúðum eða stökum húsum, samtals 1500 m2 á einni hæð. Einnig reitur fyrir 700 m2 áhaldahús er tengist rekstrinum. Mesta hæð húsa má vera allt að 8 m yfir gólfplötu jarðhæðar. Húsform frjálst en mænissefna samkvæmt deiliskipulagi.

S2, sem er um 3,3 ha, eru gert ráð fyrir íbúðum starfsmanna, áhaldahúsi og gróðurhúsi tengt rekstrinum. Byggingarreitur fyrir allt að fjögur starfsmannaíbúðir/hús, allt að 600 m2 í heildina sem geta verið á 1-2 hæðum. Einnig gróðurhús allt að 400 m2 og áhaldahús allt að 200 m2 á einni hæð. Mesta hæð húsa má vera allt að 8 m yfir gólfplötu jarðhæðar. Húsform frjálst en mænissefna samkvæmt deiliskipulagi.

S3, sem er um 3,3 ha, er ekki með byggingarreitum og verður svæðið tekið síðar fyrir með deiliskipulagi.

*2. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt land 13 og 14 skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu.*

Aðkoma að landinu er frá Hvammsvegi (374) í samræmi við samþykkt Vegagerðarinnar. Ein tenging er frá Hvammsvegi (374) inn á land 10 og liggur tengivegur að lóðum nr. 13 og 14 frá þeirri tengingu um land nr. 10. Um landið liggur síma-/ljósleiðarastrengur sem gæta skal að við framkvæmdir.

Gljúfurárholt land 13 er 3,08 ha, nýtingarhlutfall 0,05 og heildar byggingarmagn 1540 m2, gólfflötur. Innan landsins eru þrír byggingarreitir, Í1 54x50 m fyrir eitt íbúðahús á 1-2 hæðum ásamt bílgeymslu og eitt frístundahús. Tveir byggingarreitir eru merktir U1, annar 40x85m og hinn 40x100 m. Þar innan verði heimilt að byggja hús til landbúnaðarnota eða aðra þá starfsemi sem heimil er samkvæmt skilmálum aðalskipulags. Mesta hæð húsa er 7 m yfir gólfplötu jarðhæðar. Þakform er frjálst en mænisstefna skal vera í samræmi við það sem sýnt er í deiliskipulagi. Byggingarreitir skulu vera minnst í 50 m fjarlægð frá Gljúfurá og minnst í 10 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Með umsóknum um byggingarleyfi skal hönnun fráveitu fylgja þeim gögnum.

Gljúfurárholt land 14 er 3,06 ha, nýtingarhlutfall 0,05 og heildarbyggingarmagn 1530 m2. Innan landsins eru tveir byggingarreitir, Í2 80x50 m fyrir eitt íbúðahús á 1-2 hæðum ásamt bílgeymslu og eitt frístundahús og U2, 60x70 m. Þar innan verði heimilt að byggja hús til landbúnaðarnota eða aðra þá starfsemi sem heimil er samkvæmt skilmálum aðalskipulags. Mesta hæð húsa er 7 m yfir gólfplötu jarðhæðar. Þakform er frjálst en mænisstefna skal vera í samræmi við það sem sýnt er í deiliskipulagi. Byggingarreitir skulu vera minnst í 50 m fjarlægð frá Gljúfurá og minnst í 10 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Með umsóknum um byggingarleyfi skal hönnun fráveitu fylgja þeim gögnum.

Deiliskipulagstillögur verða til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá og með 3. maí 2019 til 14. júní 2019. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til föstudagsins 14. júní 2019. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

***Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss.***

**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Ástkæri eiginmaðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Á. Guðmundsson**
prentari,

lést eftir stutt veikindi þann 17.04. í Hirtshals, Danmörku.
Jarðarförin hefur farið fram.

**Guðrún Óskarsdóttir**
**Jón Óskar Reynisson**
**Ingimar Daníel Aðalsteinsson Harpa Ársælsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Grímur Sigurgrímsson**
húsasmiður og matsmaður fasteigna
frá Holti í Stokkseyrarhreppi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
sunnudaginn 28. apríl. Útför hans fer fram
frá Seljakirkju mánudaginn 6. maí kl. 15.00.

**Frímann Grímsson Margrét Á. Hrafnsdóttir**
**Jón Grímsson Sigríður P. Guðmundsdóttir**
**Hrafnhildur Grímsdóttir Þorgeir Sæberg**
**Ingibjörg Grímsdóttir Gísli Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku maðurinn minn og faðir okkar,

**Kristberg Óskarsson**
Hjallavegi 23, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 30. apríl.
Útför hans fer fram frá Áskirkju
miðvikudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Ingiríður B. Þórhallsdóttir**
**Harpa Stefánsdóttir**
**Bergþóra Kristbergsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Reynir Carl Þorleifsson**
bakarameistari,
Helgubraut 7, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Reykjavík
þann 25. apríl. Útför hans fer fram frá
Digraneskirkju 7. maí kl. 15.00.

**Jenný Eyland**
**Þorleifur Karl Reynisson Helena Rós Hafsteinsdóttir**
**Anna María Reynisdóttir Kristinn Þór Ingvason**
**Henrý Þór Reynisson Elísa Örk Einarsdóttir**
**Magnús Þór Reynisson Erna Dís Eiríksdóttir**



Ástkær dóttir okkar, systir,
mágkona og frænka,

**Kristín Óskarsdóttir**
Þverholti 19 / Tröllateig 45,
Mosfellsbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
miðvikudaginn 24. apríl eftir stutt veikindi.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Þroskahjálp.
Útför fer fram frá Lágafellskirkju 6. maí
kl. 13.00 í Mosfellsbæ.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Óskar Gíslason Vilborg Heiða Waage**
**Guðmundur Arnar Óskarsson Sigurborg Matthíasdóttir**
**Anna Aurora Waage Óskarsdóttir Hreinn Heiðar Oddsson**
**og frændsystkini.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Er að verða hundgamall

**Gunnar Guðmundsson er sjötugur í dag. Hann vann við landbúnað og sjávarútveg og ók margoft í öll pláss landsins á Emmessísbílnum. Nú snýst lífið um afabörn og bridds.**

Jú, þetta er risastórt afmæli, maður er að verða hundgamall," segir Gunnar Guðmundsson, fyrrverandi atvinnubílstjóri, hlæjandi þegar falast er eftir viðtali í tilefni sjötugsafmælisins sem er í dag.

Hann kveðst ætla að vera heima. „Það verður opið hús eftir klukkan sex, standandi veitingar og vinir og vandamenn velkomnir," upplýsir hann.

Gunnar er fyrrverandi formaður Rangæingafélagsins, fæddur og uppalinn í Eystri-Skógum undir Eyjafjöllum. „Bærinn er undir hlíðinni, skammt austan við Skógasafn. Þar hjálpaði ég til að tína grjót úr sandinum til að við gætum ræktað þar tún. Svo var gríðarleg sandrækt framan við þjóðveg sem allur hreppurinn var með. Við heyjuðum þar líka."

Á Skógasandi er líka flugvöllur. „Þristarnir lentu þar, oft var það sama vélin og fór til Vestmannaeyja, það er svo örstutt út í Eyjarnar frá Skógum."

Gunnar hafði ekki bara Eyjar fyrir augunum, hann fór þangað líka tvisvar á vertíðir. „Ég var í Vinnslustöðinni og skrapp líka í róðra þegar með þurfti. Ég kunni mjög vel við mig á sjó og fór á togara eftir að ég flutti til Reykjavíkur. Var á Marsinum, við sigldum mikið til Englands og Þýskalands og það var mikið ævintýri, fórum bara beint af miðunum sem ýmist voru út af Suðurlandi á Halanum eða við Grænland. Einu sinni var prófað að kasta í Rósagarðinum, miðja vegu milli Íslands og Færeyja, en lítill árangur var af því. Síðar var ég á bát frá Sandgerði í eitt og hálft ár. Eftir það keypti ég mér sendibíl en seldi hann tveimur árum seinna, þegar við keyptum fyrstu íbúðina. Þá fór ég að vinna í Mjólkursamsölunni en færði mig yfir í ísgerðina, Emmessís. Ég var í mörg ár að dreifa ísnum út á land og er búinn að fara á alla verslunarstaði á landinu margoft í sambandi við það."

Nú víkjum við talinu að fjölskyldunni. Frúnni fyrst. „Hún heitir Sigurjóna Björgvinsdóttir og er Skagfirðingur. Við kynntumst hér í Reykjavík, nánar tiltekið á balli í Klúbbnum, og erum búin að vera saman í tæp fimmtíu ár. Við eigum þrjár dætur, tvær þeirra búa hér á höfuðborgarsvæðinu og ein í Noregi en það er á stefnuskránni hjá henni að flytja heim aftur. Afa- og ömmubörnin eru sjö blóðtengd, svo eru nokkur á ská líka svo það er oft fjör hér á heimilinu."

Gunnar er félagslyndur, kveðst hafa mætt á samkomur og spilakvöld Rangæingafélagsins þegar hann gat en segir ekkert orðið eftir af starfseminni nú nema að sýsla með sumarbústaðina tvo undir Eyjafjöllunum. „Vonandi hressist félagið aftur, það þarf ekki mikið til," segir hann bjartsýnn. Kveðst líka hafa mjög gaman af að spila bridds. „Við hjónin spilum einu sinni til tvisvar í viku og höfum gert í nokkur ár. Fórum í Dalina um síðustu helgi á ágætis mót og í fyrra fórum við til Madeira á stórt briddsmót."

Nú þykir Gunnari komið nóg af upplýsingum um hann. „Þú ert að verða búin að fá ævisöguna," segir hann glettinn og kveðst þurfa að fara að taka til í garðinum. **gun@frettabladid.is**



